

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 7. október 1981 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að 0,2 hektara stór spilda sunnan Súðavogs en austan Elliðavogs skuli breytast úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

13. október 1981.

Nr. 595.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. október 1981 staðfest aðalskipulagsupphrátt fyrir Patreksfjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Patrekshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

16. október 1981.

Nr. 596.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Höfðahreppi, Skagaströnd.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Höfðahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstéttum.